



Ráðhús Reykjavíkur
Joanna Marcinkowska
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

***Svar SFS til Mannréttindaskrifstofu um stöðu mála vegna aðgerða stefnu
Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðalega
vernd***

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjanda um alþjóðlega vernd var samþykkt í borgarstjórn 10.apríl 2018. Mannréttindaskrifstofa fékk það verkefni að hafa reglubundið eftirlit með framkvæmd aðgerðaráætlunar í innflytjendamálum.

Skóla- og frístundasvið ber ábyrgð á framkvæmdum nokkurra aðgerða í stefnunni. Þær aðgerðir eru eftirfarandi:

III. REYKJAVÍKURBORG SEM MIÐSTÖÐ ÞJÓNUSTU

III.13. Bjóða skal upp á markvissa fræðslu innan leik- og grunnskóla fyrir foreldra skólabarna með annað móðurmál en íslensku. Námskeiðin verði nýtt til fræðslu um skólastarfið, samvinnu skóla og foreldra og mikilvægi tvítyngis.

Tímasetning: 2018

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið

Kostnaður: Innan ramma. Er hluti af stefnumótun SFS Heimurinn er hér.

Svar:

Á starfsvetrinum 2017 – 2018 tók SFS (skóla- og frístundasvið), í samstarfi við SAMFOK (samtök foreldra grunnskólabarna) og Móðurmál – samtök um tvítyngi, þátt í verkefninu [Allir með](#) : *Tölum saman um skólamenningu á Íslandi*. Haldið var málþing fyrir skólaforeldra á 10 mismunandi tungumálum og eru upptökurnar ásamt upplýsingum á vefsíðu SAMFOK opnar öllum. Verið er að nýta efni fundanna til frekari stefnumótunar.

Eitt af meginmarkmiðum brúarsmiða Miðju máls og læsis er að styðja og fræða foreldra barna sem hafa íslensku sem annað tungumál. Brúarsmiðir hafa staðið fyrir hópfræðslu og einstaklingsráðgjöf fyrir foreldra í samstarfi við leik- og grunnskóla í hverfum borgarinnar. Markmið fræðslunnar er að kynna fyrir þeim skólastarf, hlutverk skólaforeldra og samvinnu foreldra við skólann og/eða frístundastarfið. Að auki eru brúarsmiðir með fasta viðtalstíma fyrir foreldra alla föstudagsmorgna og halda úti samskiptasíðum á pólsku, filipínsku og ensku.

III.14. Þróuð verði sérstök móttokuáætlun og úrræði fyrir þau börn umsækjenda um

alþjóðlega vernd sem líklegt er að muni vera skamman tíma í skóla hérlendis. Þegar samið er við ríkið um þjónustu við hópinn skal tryggt að börnin fái menntunarúrræði innan fjögurra vikna frá komu til landsins.

Tímasetning: 2018

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið

Kostnaður: innan ramma. Er í samræmi við tillögu SFS sem samþykkt var á fundi ráðsins þann 24.janúar 2018. Skoða frekar við samningagerð við útlendingastofnun.

Svar:

SFS hefur mótað verklagsreglur í samstarfi við TUAV (teymi um alþjóðlega vernd) og VEL (skrifstofu velferðarsviðs) varðandi móttöku og skilafundi vegna barna á leik- og grunnskóla aldri sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Öll börn á grunnskóalaaldri fara beint inn í sinn hverfisskóla eins fljótt og unnt er. Í undirbúningi hjá SFS er sérstök móttökudeild fyrir börn umsækjenda um alþjóðlega vernd sem mun taka til starfa haustið 2019. Öll börn á leikskóalaaldri fara á biðlista hjá leikskólum í sínu hverfi eftir beiðni frá TUAV og eru innrituð í leikskóla eins fljótt og unnt er. Ef fulltrúar TUAV meta aðstæður barns þannig að þörf sé á forgangi er brugðist við því. Ráðgjöf, fræðslu og upplýsingagjöf til leik-, grunnskóla og frístundastarfs vegna móttöku og aðlögunar barna sem sækja um alþjóðlega vernd veita fulltrúar fjölmenningarteymis SFS.

III.15. Efla skal fjölmenningarlega kennsluhætti innan grunnskóla eins og kveðið er á um í stefnu skóla- og frístundasviðs um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf. Auka skal vægi íslensku- og móðurmálskennslu fyrir tvítyngd börn í leik- og grunnskólum og stuðning við foreldra hvað varðar tvítyngi.

Tímasetning: 2018-2019

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið


Kostnaður: Innan ramma. Er hluti af stefnumótun SFS Heimurinn er hér.

Svar:

Fjölmenningarteymi SFS og Miðja mál og læsis hafa staðið að fjölmörgum fræðslufundum inni á starfsstöðvum SFS á árinu 2018 sem miða að því að efla fjölmenningarlega kennsluhætti innan grunnskóla. Þar á meðal má nefna fræðslu fyrir starfsfólk grunnskóla um fjölmenningarlegt samfélag og virkt tvítyngi, millimenningarfræðslu um sex mismunandi samfélög o.fl. Ráðgjafar Miðju mál og læsis fengu 45 formlegar beiðnir vegna vinnu eða kennslu með börnum sem hafa íslensku sem annað mál á árinu 2018. Hverri beiðni fylgja oftast fleiri en þrjár heimsóknir og yfirleitt koma ráðgjafar inn í mál á ýmsa vegu. Auk þess berast fjöldi beiðna er varða stuðning vegna málþroska og læsis. Ráðgjöf og fræðsla varðandi málþroska og læsi felur alltaf í sér kennslu eða vinnu með börnum sem hafa íslensku sem annað mál.

SFS heldur áfram að styðja við [Móðurmál - samtök um tvítyngi](#), regnhlífarsamtök um móðurmálskennslu fyrir tvítyngd börn, með því að veita húsnæði fyrir kennslu á laugardögum. Sérfræðingar SFS eru einnig í starfshópi um að útbúa samræmda leiðarvísa fyrir móðurmálskennslu undir verkefnastjórn Móðurmáls – samtaka um tvítyngi sem er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Markmið verkefnisins er að auka vægi móðurmálskennslu hjá nemendum af erlendum uppruna í leik-, grunn- og framhaldsskólum og styrkja stoðir kennslunnar.

SFS býður upp á fræðslutilboð sem leikskólar geta meðal annars nýtt á starfsdögum eða starfsmannafundum leikskóla. Boðið er upp á eftirfarandi fræðslu í tengslum við fjölmennigarlega kennsluhætti, í formi fyrilestrar eða námskeiðs: Heimurinn er hér – fjölmennigarlegt leikskólastarf, viðhorf og samskipti í fjölbreyttum barna- og foreldrahópi, Einn leikskóli, mörg tungumál - leiðir til að skrá og fylgjast með framförum tvítyngdra barna, börn á flóttu og jafnrétti í starfi með börnum. Úthlutað er fjármagni til leikskóla vegna barna af erlendum uppruna sem þeir geta nýtt til þess að styðja við nám tvítyngdra barna. Verkefnastjóri fjölmenningar á leikskólaskrifstofu SFS fær ýmsar beiðnir frá leikskólum vegna vinnu með börnum sem hafa íslensku sem annað mál, innkomu á deildarfundi, stuðning við starfsfólk o.fl. Þá var tengiliðum fjölmenningar í leikskólum boðið á fræðslufundi og vinnusmiðju fjórum sínnum árið 2018, millimennigarfræðslu um Mið-Austurlönd annars vegar og Pólland hins vegar, mál og læsi fjölyngdra leikskólabarna og móttöku og aðlögun í leikskóla með áherslu á börn og fjölskyldur af erlendum uppruna. Í júní 2018 var haldin alþjóðleg ráðstefna *Early Language Learning: Multiple perspectives – Diverse voices* í samstarfi við SFS, Háskóla Íslands og stofnun Vigdísar Finnabogadóttur.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

